



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 7. júlí 2009

Efni: Frumvarp til laga um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollensku ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf., 136. mál.

Frumvarpið veitir fjármálaráðherra heimild, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf. Að baki liggja lánssamningar milli Tryggingarsjóðsins og Íslands annars vegar og bresku og hollensku fjármálaráðuneytanna hins vegar. Samningarnir kveða á um lán til 15 ára, með 5,55% föstum vöxtum, þar sem ekki þarf að greiða afborganir fyrstu 7 árin umfram það sem fæst greitt úr þrotabúi Landsbankans. Tryggingarsjóðurinn fær með samningunum framseldar kröfur hollensku og bresku tryggingarsjóðanna í þrotabú Landsbankans.

Lyktir þessa máls hafa frá upphafi verið skilyrði fyrir aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) og annarra þjóða að lánveitingum til Íslands. Lítið lánstraust Íslands og alþjóðleg fjármálakreppa valda því að önnur gjaldeyrislán standa Íslendingum ekki til boða. Efnahagslegur stöðugleiki og uppbygging á næstu misserum og árum eru því háð lánveitingum frá framangreindum aðilum. Máli þessu þarf að ljúka sem fyrst til að rjúfa fjárhagslega einangrun Íslands og koma á ný á eðlilegu sambandi við erlenda fjármálamarkaði. Innstreymi erlends fjármagns er lykilatriði í því að skapa atvinnulífinu eðlileg starfsskilyrði og uppbygging næstu ára hvílir á því. Án aðgangs að erlendu lánsfé má búast við langvarandi kreppuástandi hér á landi.

Samningarnir munu leggja þungar byrðar á Íslendinga á komandi árum en hversu miklar þær verða er mikilli óvissu háð því enginn getur sagt fyrirfram um það hversu miklir fjármunir endurheimtist úr þrotabúinu. Vextir á lánunum virðast vera hagstæðir miðað við aðstæður og er skynsamlegt að þeir séu fastir en ekki breytilegir þar sem horfur eru á hækkun langtímavaxta í heiminum á komandi árum. Ekki er ástæða til þess að ætla annað en að samninganefndin hafi náð eins miklum árangri og unnt var við erfiðar aðstæður.

Lánstíminn og afborgunarleysið fyrstu 7 árin gefur færi á að gera sem mest verðmæti úr eignum þrotabúsins og með því er komið í veg fyrir að þær fari á svokallaðar „brunaútsölur“.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Lausn þessa máls vekur vonir um að fjármálamarkaðir örvist í kjölfarið, krónan styrkist og vextir lækki. Efnahagslegur kostnaður af því að fella samkomulagið gæti hins vegar orðið mjög mikill og lausn málsins er þáttur í því að sköpun starfa geti hafist á ný á Íslandi. Verði fyrirbyggjandi samningum hafnað er fullkomin óvissa um það hvort nýir samningar í framtíðinni yrðu betri eða verri, en fyrirsjáanlegt er að viðræður myndu dragast á langinn.

Af framangreindum ástæðum mæla Samtök atvinnulífsins með því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri

